

Sælingsdalslaug apríl / maí 2017

Dymbilvika og páskar

Mánudaginn 10. apríl er opið kl. 19-22

Þriðjudaginn 11. apríl er opið kl. 15:30-19

Miðvikudaginn 12. apríl er opið kl. 18-22

Skírdag (13. apríl) og til og með annars í páskum (17. apríl) er lokað

Sumardagurinn fyrsti og Jörfagleði

Þriðjudaginn 18. apríl er opið kl. 15:30-19

Miðvikudaginn 19. apríl er opið kl. 18-22

Sumardaginn fyrsti (20. apríl) og föstudaginn 21. apríl er lokað

Laugardaginn 22. apríl er opið kl. 10-18 vegna fótboltamót UDN

Frá og með 23. apríl gilda almennir opnunartímar

Sunnudagar og mánudagar lokað

Þriðjudagar opið kl. 15:30-19

Miðvikudagar opið kl. 18-22

Fimmtudagar opið kl. 16-18

Laugardagar opið kl. 14-18

Rúlluplast

Rúlluplasti verður safnað hjá bændum **24.-26. apríl**. Næstu safnanir verða síðan 10.-14. júlí og 6.-9. nóvember.

Plastið skal haft á aðgengilegum stað fyrir sorpverktaka. Frágangur á plastinu hjá bændum getur verið í stórsekk (t.d. undan áburði) eða pressað og bundið saman þannig að gott sé að koma því á bíl (litla bagga) eða í þar til gerðum gámum eða á annan snyrtilegan hátt. **Baggabönd og net skal setja sér, í glæra/merkta plastpoka.**

Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins. Opin brennsla úrgangs er óheimil þ.m.t. rúlluplasts. skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. reglugerð nr. 737/2003.



DALAPÓSTURINN

5. tölublað, 10. árgangur

11. apríl 2017

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn 2017 verður starfræktur frá 6. júní til 31. júlí og er fyrir unglunga fædda árin 2001 - 2004.

Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu (www.dalir.is) og skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til og með **12. maí 2017**.

Vinnuskóli – liðveisla

Tvö störf við félagslega liðveislu við Vinnuskóla Dalabyggðar eru laust til umsóknar. Um sumarstörf er að ræða.

Starfsmenn sem sinna félagslegri liðveislu starfa með og undir stjórn verkstjóra vinnuskólans og fylgja sínum skjólstæðingi.

Starfstími vinnuskólans er 6. júní – 31. júlí og daglegur vinnutími kl. 8:00 – 16:00

Hugsanlegt er að ráða starfsmenn einnig í ágústmánuði enda verði þá unnið við almenn umhverfisstörf.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri og hafi reynslu af því að vinna með börnum.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til **30. apríl 2017**.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur